

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/03
komudagur 13.11.2008

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • T. 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 12. nóvember 2008

Tilvísun: 08100595/04.00/ÁGB

Efni: Umsögn um frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald með síðari breytingum.

Fasteignamati ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald með síðari breytingum, þingskjal nr. 26, 26. mál.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að stimpilgjald verði fellt niður af skuldabréfum og tryggingabréfum vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og kaupsamningum og afsölum um sömu tegund húsnæðis.

Almennt má segja að niðurfelling á borð við þá sem hér er kynnt mun einfalda til muna störf er lúta að móttöku og gjaldtöku skjala sem færð eru til þinglýsingar. Að auki verður að telja breytingu í þessa átt auka réttaröryggi því stimpilgjald af eignarheimildaskjölum hefur leitt til þess að fólk láti hjá líða að þinglýsa eignarheimildum sínum.

Fasteignamat ríkisins vill þó benda á nokkur atriði sem huga mætti að. Í frumvarpinu eru eignarheimildirnar kaupsamningur og afsal tilgreindar sem stimpilfrjálsar. Í þinglýsingarkerfi sýslumanna er nú gert ráð fyrir fleiri tegundum eignarheimilda sem greiða ber stimpilgjald af en frumvarpið tekur aðeins á tveimur algengustu eignarheimildunum. Sem dæmi um aðrar eignarheimildir má nefna: kaupmála, eignarnám og nauðungarsöluafsal. Einfaldara yrði ef hugtakið eignarheimild yrði notað í stað kaupsamnings og afsals ef ætlunin er að ná til allra afhendinga á íbúðarhúsnæði.

Eins vekur athygli hvernig hugtökin fasteign og húsnæði eru notuð í frumvarpinu. Þinglýsingarbækur sýslumanna eru fasteignabækur, fasteign er afmarkað iand. Frumvarpið fjallar þó eingöngu um íbúðarhúsnæði sem felur í sér að tvenn skilyrði þurfa að vera uppfyllt, annars vegar að mannvirki þarf að vera risið á landinu og hins vegar að það sé skráð sem íbúðarhúsnæði. Lóðarleigusamningar yrðu því t.d. ekki undanþegnir stimpilgjaldi og vandamál geta skapast ef samið er um kaup og sölu fasteigna áður en mannvirki eru byggð.

Að öðru leyti eru ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

F.h. Fasteignamats ríkisins


Ásta Guðrún Beck

*Alþingi
Erindi nr. Þ 136/74
komudagur 12.11.2008*



Hagstofa Íslands

7. nóvember 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 26. mál.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/129
komudagur 18.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. nóvember 2008.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. 136. löggjafarþing 2008 – 2009. Þskj. 26 - 26. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar í bréf yðar, dags. 23. október s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/25
Landsdagur 6.11.2008

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Reykjavík, 05. nóvember 2008

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, með síðari breytingum, mál 26.

Neytendasamtökin eru samþykkt frumvarpi þessu og hvetja eindregið til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/35
komudagur 7.11.2008

Alþingi
Hr. Eiríkur Áki Eggertsson
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 05.11.2008
Tilv. 2008/0205 - 0.0.01
PÁÁ

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 26. mál

Með bréfi, dags. 23. október 2008, óskar efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 26. mál.

Neytendastofa gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/88
komudagur 14.11.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 REYKJAVÍK.

Dagsetning
13. nóvember 2008

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stimpilgjald, 26. mál, afnám stimpilgjalds af íbúðarhúsnæði. Með frumvarpinu er lagt til að skuldabréf og tryggingabréf, sem tryggð er með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði, skuli vera stimpilfrjáls.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Steinn Hraun

Stimpilgjald.

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2008 02-2008100470
T-ums 26/08


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978,
um stimpilgjald, með síðari breytingum - 26. mál - afnám stimpilgjalds
íbúðarhúsnæðis.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 24. október 2008 móttengið bréf yðar dagsett 23. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum - 26. mál, þskj. 26.

Í frumvarpinu er lagt til að skuldabréf og tryggingabréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði stimpilfrjáls og þannig verði ekki greitt af þeim stimpilgjald.

Ríkisskattstjóri telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/84
komudagur 14.11.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 14. nóvember 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978 (26. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald, þar sem lagt er til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera undanþegin stimpilgjaldi. Þá er einnig lagt til að kaupsamningar og afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls. SFF styðja heilshugar að frumvarpið verði að lögum og vísa í því sambandi til umsagnar samtakanna um frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald, 548. mál, sem var til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd á vorþingi 2008. SFF telja þó ekki nægilega langt gengið með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. SFF ítreka það sjónarmið að rétt sé að afnema stimpilgjald í núverandi mynd, ekki einungis vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Samtökin leggja til að stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með öll viðskiptabréf verði felld brott. Í því sambandi er vísað til samkeppnishæfni Íslands og alþjóðlegra áherslna á hlutleysi fjármagnsskatta. Stimpilgjöld hafa tilhneigingu til að leggjast oft á sama skattandlagið og þau ganga gegn almennum jafnræðissjónarmiðum. Afnáam stimpilgjalds af viðskiptabréfum myndi auka réttaröryggi og fækka ýmiss konar „æfingum“ sem menn stunda í því skyni að komast hjá greiðslu stimpilgjalds. Stimpilgjaldið veldur því m.a. að einstaklingar sækja í “einfaldari” lánsform, eins og yfirdrátt – sem er hins vegar almennt á hærri vöxtum enda aukin áhætta sem því fylgir fyrir lánveitanda að lána “án tryggingar”. Ef stimpilgjöld af skuldabréfum almennt yrðu afnumin er líklegt að a.m.k. hluti af yfirdráttarlánum færðist yfir í hefðbundin skuldabréfalán.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.



Alþingi
Erindi nr. Þ 136/131
komudagur 21.11.2008

21. nóvember 2008
SI-45098

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 23. október 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, 26. mál, afnám stimpilgjalds íbúðarhúsnæðis.

Í frumvarpinu er lagt til að kaupsamningar, afsöl, skuldabréf og tryggingarbréf vegna kaupa á íbúðarhúsnæði verði undanþegin stimpilgjaldi og að lögin öðlist þegar gildi.

Stimpilgjald skilaði ríkissjóði 9,5 ma.kr. tekjum árið 2007, um 0,7% af landsframleiðslu. Stimpilgjöld af fyrstu íbúðakaupum voru felld niður á vörþingi 2008. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um þá breytingu var gert ráð fyrir að tekjur af stimpilgjaldi lækkuðu við hana um 10%. Í fjárlagafrumvarpi 2009 var reiknað með 6,6 ma.kr. tekjum af gjaldinu. Með breyttum efnahagshorfum má telja víst að sú fjárhæð lækki talsvert. Miðað við 5 ma.kr á ári er ekki ósennilegt að niðurfelling stimpilgjalds af íbúðakaupum myndi kosta ríkissjóð 2-2,5 ma.kr. á ári næstu árin, meðan verulegs samdráttar gætir. Slíka áætlun verður að taka með fyrirvara, þar eð talsverð vandkvæði eru á að sundurgreina gjaldstofna stimpilgjalds.

Eðlilegt er að meðferð þessa máls taki mið af fyrirsjáanlegum hallarekstri ríkissjóðs. Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



Alþingi
Erindi nr. P 136/8
komudagur 30.10.2008

SÝSLUMAÐURINN Á ESKIFIRÐI

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Eskifirði 29. október 2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Sýslumanninum á Eskifirði hefur borist erindi yðar dags. 23. október sl., þar sem Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald, 26. mál, varðandi afnám stimpilgjalds íbúðarhúsnæðis. Embættið hefur engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h.s.

Helgi Jensson fulltrúi.





SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. P 136/7

komudagur 30.10.2008

Dagsetning


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

28. október 2008

Varðar bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis um frumvarp til laga um stimpilgjald, 26. mál.

Af hálfu embættisins er ekki talin ástæða til að gefa umsögn um frumvarpið, þar sem mótun slíkrar stefnu sem frumvarpið boðar er ekki á verksviði þess.

Virðingarfyllst,


Rúnar Guðjónsson sýslumaður

Alþingi
Erindi nr. P 136/130
komudagur 18.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, með síðari breytingum (26. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem ætlað er að fella niður stimpilgjöld tengdum íbúðarkaupum.

Viðskiptaráð hefur lengi barist fyrir því að skattkerfið hérlendis verði einfaldað og að samkeppnishæfni Íslands verði tryggð í því tilliti. Hvað það varðar hefur Viðskiptaráð ítrekað lagt áherslu á að stimpilgjöld verði afnumin, enda er um afar ósanngjarna gjaldtöku að ræða þar sem fjárhæðir eru ekki í nokkru samræmi við þá þjónustu sem veitt er af hálfu hins opinbera. Ráðið fagnar því frumvarpinu, en leggur þó áherslu á að stíga þurfi skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld að fullu.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur jafnframt til að hafist verði handa við að stíga skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld með öllu.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs